

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Uppáhaldssonur
verður
þræll



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus

Aðlagð af: M. Kerr; Sarah S.

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2015 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Ísak var í góðu skapi. Jakob sonur hans var heima. Meira að segja Esaú fagnaði bróður sínum sem hann hafði áður heitið að drepa. En synir Jakobs voru óánægðir að Jósef skyldi vera hans uppáhaldssonur.




Bræður Jósefs urðu enn reiðari er hann sagði þeim drauma sína. "Kornknippi mitt reysti sig og kornknippi bræðra minna lutu fyrir mínu." sagði Jósef. Draumurinn þýddi að Jósef væri hafinn yfir bræður sína.



Í öðrum draumi
Jósefs, lutu sólin,
tunglið og stjörnurnar
fyrir honum. Jafnvel
Jakob faðir hans
reiddist honum fyrir
að upphefja sig yfir
foreldra sína og
bræður.



Dag einn sendi Jakob Jósef út á akurinn þar sem bræður hans voru að gæta hjarðar föður síns. Bræður hans sáu hann koma. "Við skulum drepa þennan draumamann," muldruðu þeir. Jósef gerði sér ekki ljósa hættuna sem steðjaði að.




Rúben, elsti bróðirinn, var ósammála. "Við megum ekki úthella blóði," sagði hann. "Sjá, hér er gryfja. Látið hann deyja þar!" Rúben ráðgerði að bjarga Jósef síðar um kvöldið.



Pegar Jósef
kom, tóku
bræðurnir
hann og afklæddu
hann úr marglita
kyrtlinum sem
Jakob hafði
sérstaklega gert
fyrir uppáhalds
son sinn. Síðan
fleygðu þeir
honum ofaní
gryfjuna.




Í fjarveru Rúbens nálgadist úlfaldalest sem var á leið til Egyptalands. "Við skulum selja Jósef," hrópaði Júda bróðir hans. Samningurinn var gerður.



Peir seldu Jósef fyrir tuttugu silfurpeninga.



Gráti nær og skelfingu lostinn, horfði Jósef á hjálparvana meðan úlfaldalestin hnikaðist hægt og sígandi á brott frá fjölskyldu hans og heimalandi.





“Er þetta kyrtill
Jósefs? Hann er
blóðugur. Við fundum
hann í eyðimörkinni.”
Bræðurnir
miskunnarlausir komu
Jakob til að trúá því
að upphalds sonur
hans hafði verið
drepinn af villidýri.
Jakob reif klæði sín
yfirkominn af sorg.
Engum tókst að
hugga hann.







Jósef hlýtur að hafa verið hræddur og einmana í Egyptalandi. Líklega hefur hann saknað heimahagana. En hann gat ekki flúið. Hann var þræll í húsi Pótífars, háttsets Egypta. Pótífar sá að Jósef var duglegur til vinnu og áreiðanlegur.



“Allt sem þú leggur hendi á er vel gert,” Pótífar sagði við Jósef einn daginn. “Guð er með þér. Ég vil að þú verðir yfirmaður minn, sjáir um öll mín viðskipti og hafir yfirumsjón yfir öllu mínu starfsfólki.”



Guð gaf Pótífar góða uppskeru og mikil auðæfi vegna Jósefs. Þrátt fyrir upphefðina hélt Jósef áfram að treysta og þjóna Guði af trúfesti. En vandræði steðjuðu nú að Jósef.



Kona Pótívars var syndug kona. Hún reyndi að tæla Jósef til að leggjast með sér, en Jósef færðist undan. Hann vildi ekki syndga gegn Guði og þar með að svívirða Pótívar.




Þegar konan reyndi að þvinga hann, flúði hann undan. En hún greip og tók skikkju hans.




“Þræll þinn réðst á mig,” kvartaði kona Pótívars.
“Sjá, hér er skikkja hans!” Pótífar reiddist.
Kannski vissi hann að kona hans var að ljúga. En
hann varð að gera eitthvað.
Hvað átti hann
að gera?



Pótífar lét setja
Jósef í fangelsi.
Þótt hann væri
saklaus, var Jósef
hvorki bitur né
reiður.



Kannski var honum að
lærast af erfiðleikum
sínum að hvar sem hann
var, ef hann heiðraði
Guð, mundi Guð heiðra
hann - meira að
segja í fangelsi.



Uppáhaldssonur verður þræll

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrsta Mósebók 37 og 39

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

